

„Eigi hæli eg bitinu hans Ættartanga“ *Um sérnafnsgreini og eignarfall í íslensku að fornu og nýju*

1. Inngangur

Í íslensku nútímamáli kemur eignarfallsgerð sú sem sýnd er í (1) gjarna fyrir. Þá er höfuðorðið (eignarorðið) nafnorð með greini (*bókin*, *skórnir*) og á eftir fer eignarfor nafn ásamt sérnafni í eignarfalli en ótækt er að sleppa greininum:

- (1) a. bókin hans Jóns
b. *bók hans Jóns
c. skórnir hennar mömmu
d. *skór hennar mömmu

Nú er þessi eignarfallsgerð mun algengari í talmáli en ritmáli (sbr. Delsing 2003:65) og verður hún kölluð *h*-eignarfall til samræmis við Delsing (2003). Ef *hans* og *hennar* er sleppt í (1) er algengast að greini höfuðorðsins sé einnig sleppt:

- (2) a. bók Jóns
b. bókin Jóns
c. skór mömmu
d. skórnir mömmu

Notkunin sem er að finna í (2b og d) er landshlutabundin en hún hefur verið nefnd *Ólafsfjarðareignarfallið* (Gunnhildur Ottósdóttir 2006; sbr. einnig Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson, Ástu Svavarsdóttir, Þórhall Eypórsson og Jóhannes Gísli Jónsson 2007, Sigríði Sigurjónsdóttir og Höskuld Þráinsson 2007). Flestir íslenskir málhafar samþykkja því ekki (2b og d).

H-eignarfall virðist koma fyrir í Íslendingasögunum (þess má geta að Ættartangi er sverð):

- (3) „Eigi hæli eg **bitinu hans Ættartanga**.“ Vatnsdæla saga, s. 1879

Aftur á móti bætir eignarorðið ekki alltaf við sig greini í sögunum:

- (4) Hún laut niður eftir og tók **sverð hans Eyjólfs** og brá skjótt ... Eyrbyggja saga, s. 546

Þetta bendir til þess að breytingar hafi átt sér stað á leið til nútímamáls. Nú er ætlunin að athuga notkunina að fornu og nýju og hvort, og þá hvernig, hún kunni að hafa breyst í aldanna rás.

Notkun fornafnsins *hans* (og *hennar*) í setningu á borð *Bókin hans Jóns er rauð minnir* á það sem kalla mætti sérnafnsgreini á íslensku (e. *proprial article*). Hún væri þá sambærileg notkuninni á *hann* (og *hún*) í setningunni *Hann Haraldur er ekkert lamb að leika sér við* (sbr. umræðu hjá Delsing 2003). Delsing (2003) telur þó svo ekki vera; hann álítur að þetta sé eignarfor nafn. Í ritgerðinni verður tilgáta hans athuguð með hliðsjón af formáli og nútímamáli.

Í öðrum kafla er eignarfallið skoðað í Íslendingasögnum. Þar er einnig sérnafnsgreindir athugaður. Í þriðja kafla er litið til notkunarinnar í nútímamáli og höfð hliðsjón af niðurstöðum könnunar öndvegisverkefnisins Tilbrigða í setningagerð. Í fjórða kafla er tilgáta Delsings (2003) skoðuð og hún svo athuguð með tilliti til formáls. Fimmti kafli er niðurlag.

2. Eignarfall í fornu máli

2.1 Breytingar á eignarfalli

Notkun eignarfalls hefur breyst að ýmsu leyti, t.d. með nafnorðum sem tákna áfastan eða órjúfanlegan hluta einhvers:

- (5) a. hár mitt
b. augu mín
- (6) a. hárið á mér
b. augun í mér

Hér merkir (5a) það sama og (6a) og (5b) það sama og (6b). Munurinn á þessum gerðum er að í stað eignarfallsins í (5) eru notaðar forsetningar (*á, í*) í (6). Formgerðin í (5) var ríkjandi í fornu máli en í nútímamáli er formgerðin í (6) að minnsta kosti ekki síður algeng (sbr. Steingrím Þórðarson 1979). Þar að auki virðist það hafa færst í aukana að greini sé bætt við orð sem tákna áfasta hluta einhvers (*hárið mitt, augun mín*).

Í Íslendingasögnum eru ýmis dæmi um eignarfall sem kennt hefur verið við Ólafsfjörð í nútímamáli þar sem það virðist bundið við ákveðna staði á landinu, einkum nokkra á Norðurlandi (sbr. Gunnhildi Ottósdóttir 2006, Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson, Ástu Svavarsdóttir, Þórhall Eypórsson og Jóhannes Gísla Jónsson 2007, Sigríði Sigurjónsdóttir og Höskuld Þráinsson 2007):

- (7) a. En Björn bregður **sverðinu Þorfinns** ... Bjarnar saga Hítðælakappa, s. 118
b. Er þér og nær að stanga úr tönnum þér **rassgarnarendann merarinnar** ... Brennu-Njáls saga, s. 268
c. „Vel skyldi nú reynst hafa **hrossageymslan frænda míns**.“ Grettis saga, s. 970

Ekki er hægt að útiloka að þessi eignarfallsgerð hafi verið að einhverju leyti landshlutabundin í fornu máli en hún kemur fyrir í allmörgum Íslendingasögnum. Má líklegt telja að notkunin hafi verið útbreiddari í fornu máli en nútímamáli.

2.2 Notkun sérnafnsgreinis

Eignarfall með nafnorðum er margs konar í fornu máli. Mun algengara er að eignarorðið sé án greinis í fornu máli en nútímamáli:¹

- (8) a. Oddur býr nú **skip sitt** og lætur bera vöru til. Bandamanna saga, s. 3
b. „Hann er **húskarl þinn**,“ segir hún ... Brennu-Njáls sagaj, s. 166

¹ Greinir er nú notaður til þess að tjá eitthvað sérstætt eða ákveðið. Í fornu máli var hins vegar notkun greinis mörkuð. Orð sem bættu ekki við sig ákveðnum greini gátu þannig haft sérstæða eða ákveðna vísun (Faarlund 2004:58):

- (i) a. Þeir komu í Mörk og drápu þar á dyr og vildu finna Björn en **húsfreyja** gekk til dyra og heilsaði þeim. Brennu-Njáls saga, s. 330
b. Tóku þá sumir til ekju en sumir hlóðu heyinu en **bóndi** skipaði konum til að þurrka heyið ... Eyrbyggja saga, s. 602

Í nútíma máli væri líklegra að höfuðorðið bætti við sig greini:

- (9) a. skipið sitt
b. húskarlínn þinn

Þegar fornöfnunum *hans* og *hennar* er bætt við eignarfallið er algengara en ekki að eignarorðið sé án greinis í Íslendingasögunum:

- (10) a. Hún laut niður eftir og tók **sverð hans Eyjólf**s og brá skjótt ... Eyrbyggja saga, s. 546
b. ... þar sem hann var **biðill hennar Ingibjargar** ... Gull-Þóris saga, s. 1128
c. „Hrafnkell goði hefir vegið **son hans Þorbjarnar** saklausan. ...“ Hrafnkells saga Freysgoða, s. 1406
d. Hermundur hét **son hans Eyvindar** og Hrómundur hinn halti er síðar verður getið. Vatnsdæla saga, s. 1871
e. ... og hafði hann haft njósn af um **ferðir hans Bjarna**. Vopnfirðinga saga, s. 2002

Dæmin sem ég hef fundið um þetta eru hins vegar mjög fá (þau eru öll sýnd í (10)) en þau geta e.t.v. gefið vísbendingu um hvernig þetta hefur verið fyrir á öldum. Einnig finnast dæmi um að eignarorðið bæti við sig greini (ég hef einungis fundið tvö dæmi):

- (11) a. Grís var þá til andsvara og galt hann tólf hundruð fyrir **vígið hans Hrana**. Svarfdæla saga, s. 1798
b. „Eigi hæli eg **bitinu hans Ættartanga**.“ Vatnsdæla saga, s. 1879

Þessi notkun *hans* á undan sérnafni minnir á notkun sérnafnsgreinis. Hann er oft notaður með sérnöfnum (*hún María*) og „sérnafnslegum“ orðum (*hann pabbi*) (sbr. t.d. Höskuld Þráinsson 2007:91–92, 95). Dæmi um þetta eru nokkur í Íslendingasögunum (hér eru sýnd dæmi um pfn. *hann* og *hún* í öllum föllum á undan sérnafni):

- (12) a. „Já,“ segir **hann Ófeigur**, „munuð þér lofa mér að ganga í dóminn?“ Bandamanna saga, s. 9
b. Síðan mælti **hún Þórdís** ... Gísla saga Súrssonar, s. 869
c. „... er þú berst við **hann Þveræing, Einar Járn-Skeggjason**. ...“ Ljósvetninga saga, s. 1702
d. „Þykir mér þú Búi nú haft hafa vel að máli, varið **hana Ólöfu** fyrir vanmennum ...“ Kjalnesinga saga, s. 1447
e. ... en þó hraut það upp fyrir **honum Þorbirni** að ... Grettis saga, s. 1021
f. ... og var um rætt að þeir skyldu hafa hendur á **henni Þóru** ... Reykdæla saga og Víga-Skútu, s. 1754
g. Og er Þórður sá fall bróður síns hjó hann til **hans Hróalds** ... Þórðar saga hreðu, s. 2010
h. Síðan leggur hann af sér vopnin og gengur til **hennar Sigríðar** ... Þórðar saga hreðu, s. 2022

Í (12g–h) er sérnafnsgreinirinn í eignarfalli og minnir því á (10)–(11) en sá munur er á að forsetning stýrir fallinu í (12g–h) en nafnorð í (10)–(11). Það útilokar þó ekki að þar sé þetta einnig sérnafnsgreinir.

Fleiri fornöfn geta gegnt hlutverki sérnafnsgreinis, svo sem *þeir*, *þær* og *þau*, hvort sem er í forn- eða nútímaíslensku. Lítum á dæmi úr Íslendingasögunum:

- (13) a. **Þeir Þormóður** áttu skóg saman ... Vopnfirðinga saga, s. 1993
 b. Þórhildur gengur um beina og báru **þær Berghþóra** mat á borð. Brennu-Njáls saga, s. 162
 c. En um vorið vildu **pau Grímur** á burt fara. Harðar saga og Hólmverja, s. 1256

Þessi fornöfn má setja fram fyrir nafnorð þegar það stendur í eignarfalli á eftir eignarorði (sem stýrir fallinu en þá hafa fornöfnin þrjú sömu myndina, *þeirra*):

- (14) a. Hallfríður hafði heyrt viðtal **þeirra Finnboga** áður þeir gengu heiman ... Finnboga saga ramma, s. 670
 b. Dætur **þeirra Tungu-Odds** voru þær Þuríður, er Svarthöfði átti ... Bárðar saga Snæfellsáss, s. 59

Nú vikur sögunni til nútímamáls.

3. Eignarfall í nútímamáli

3.1 Um notkun *h- eignarfalls* í nútímamáli

Þegar eignarfornamefni fer á eftir nafnorði (eignarorði) sem það á við er ákveðinn greinir oftast á nafnorðinu (Höskuldur Þráinsson 2005:211):

- (15) a. Bíllinn **minn** er bilaður.
 b. ?Bíll **minn** er bilaður.

Greinirinn er einnig notaður með *h- eignarfalli*:

- (16) a. Bíllinn **hans** Jóns er bilaður.
 b. *Bíll **hans** Jóns er bilaður.

Þegar hins vegar eignarfornamefni fer á eftir orði sem táknar skyldleika eða eitthvað óhlutstætt er ákveðinn greinir ekki á nafnorðinu (Höskuldur Þráinsson 2005:211):

- (17) a. *Mamman **hans** er mjög gömul.
 b. Mamma **hans** er mjög gömul.

Greinirinn er þá ekki heldur notaður með *h- eignarfalli*:²

- (18) a. *Mamman **hans** Jóns er mjög gömul.
 b. Mamma **hans** Jóns er mjög gömul.

Eins og áður sagði tekur höfuðorð *h- eignarfallsliðar* ákveðinn greini:

² Greinirinn er ekki heldur notaður þegar eignarfornamefni fer á eftir orði sem táknar eitthvað hlutstætt:

- (ii) a. *Skoðunin **mín** er sú að ...
 b. Skoðun **mín** er sú að ...

Notkun *h- eignarfalls* er vafasöm með slíkum orðum, hvort sem orðið tekur með sér greini eða ekki:

- (iii) a. ?Skoðunin **hans** Jóns er sú að ...
 b. ?Skoðun **hans** Jóns er sú að ...

- (19) a. bókin hans Jóns
b. *bók hans Jóns

Í nútíamamáli verður *b*-liðurinn að teljast ótækur þar sem höfuðorðið er án greinis.

Eins og vikið var að í kafla 2.2 er eignarfallsmyndin *þeirra* (af *þeir*, *þær* og *þau*) notuð með sérnöfnum (og sérnafnslegum orðum). Sá munur er þó á þeim og *hans/hennar* að ákveðinn greinir er ekki nauðsynlegur á höfuðorðinu, sbr. (20a), þótt hann sé auðvitað mögulegur, sbr. (20b):

- (20) a. ... undir styrkri leiðsögn Guðmundar Birgis þar til Lada Sport **bíll þeirra Jóns Þórs** dó utan við Nóatún. (http://stinniheimm.blogspot.com/2006_11_01_archive.html)
b. Daníel Snær Davíðsson með **nýja fjarstýrða bílinn þeirra Alexanders Bjarma**, sannkallaðan stór-jeppa. (<http://album.peturs.net/v/gop/folk/Grenigrund2B/heimamyndablandan/Heimablandan/2005jol/>)

Nú á dögum er *h*-eignarfall oft notað sem frumlagseignarfall (lat. *genitivus subiectivus*), sbr. (21), og eignarfall eiganda (lat. *genitivus possessivus*), sbr. (22), en síður sem andlagseignarfall (lat. *genitivus obiectivus*), sbr. (23):

(21) kenningarnar hans Jóns

(22) skórnir hennar Möggu

(23) *kennslan hans Sigga litla

Eignarfallsliðurinn *kennsla Sigga* er tvíræður: annaðhvort kennir Siggi eða honum er kennt. Liðurinn *kennslan hans Sigga* er það hins vegar ekki, aðeins er hægt að skilja hann sem frumlagseignarfall. (23) *kennslan hans Sigga litla* getur því ekki þýtt að Siggi litli hafi kennt einhverjum. Hitt er svo annað mál að *kennslan hans Sigga* sem frumlagseignarfallsliður er e.t.v. ekki mjög góður heldur (líklega væri eðlilegra að segja *kennslan hjá Sigga* en *kennsla Sigga* væri fremur formlegt mál) en ekki er mögulegt að skilja liðinn öðruvísi en svo að Siggi hafi kennt einhverjum.

Í Svarfdæla sögu greinir frá því er Klaufi böggvir vegur Hrana nokkurn og greiðir þá Grís bætur fyrir vígið:

- (24) Grís var þá til andsvara og galt hann tólf hundruð fyrir **vígið hans Hrana**. Svarfdæla saga, s. 1798

Hér er dæmi um *h*-eignarfall sem er jafnframt andlagseignarfall. Í nútíamamáli væri eðlilegra að túlka eignarfallsliðinn sem frumlagseignarfall, þannig að Hrani hefði vegið mann. Þó er ólíklegt að margir orðuðu liðinn á þennan hátt, þ.e. í frumlagseignarfallsmerkingu. Líklegra er að sagt væri *víg Hrana* eða jafnvel *vígið hjá Hrana* (sbr. *kennslan hjá Sigga* í stað *kennslan hans Sigga*).

3.2 Könnun á notkun *h*-eignarfalls

Í könnunum öndvegisverkefnisins Tilbrigða í setningagerð var notkun *h*-eignarfalls athuguð. Setningarnar sem voru prófaðar eru allar dæmi um eignarfall eiganda. Í töflu 1 getur að líta mat þátttakenda á fjórum setningum, tveimur þar sem höfuðorðið er án greinis og tveimur þar sem höfuðorðið tekur ákveðinn greini:

Tafla 1. *H-eignarfall.*

	<i>já</i>	<i>?</i>	<i>nei</i>
T2076 <i>Pétur sá nokkra bíla á bílastæðinu.</i> Einn þeirra var bíll hans pabba míns.	13%	15%	72%
T2016 <i>Mér er kalt.</i> Ég þyrfti að fá peysu hennar mömmu lánaða.	19%	13%	68%
T2026 <i>Magga systir á enga spariskó.</i> Hún fær alltaf skóna hennar mömmu lánaða.	93%	4%	4%
T2116 <i>Þóra fór niður á bryggju.</i> Báturinn hans Lúlla var ekki kominn.	96%	2%	2%

Hér sést að mikill munur er á því hvort höfuðorð *h*-eignarfalls hefur ákveðinn greini eða ekki. Langflestir þátttakendur samþykkja *h*-eignarfall þegar höfuðorðið tekur ákveðinn greini, sbr. T2026 og T2116. Hins vegar hafnar meirihluti þátttakenda setningunum ef höfuðorðið er án greinis, sbr. T2076 og T2016, en eins og komið hefur fram voru slíkir eignarfallslíðir mögulegir í fornu máli.

Það virðist því sem notkunin hafi breyst frá formmáli til nútímamáls.

4. Eignarfor nafn eða sérnafnsgreinir?

Í öðrum Norðurlandamálum er sérnafnsgreini einnig að finna, svo sem norsku (Delsing 2003:65):

- (25) a. han Per
 ‘hann Pétur’
 b. ho Kari
 ‘hún Kari’

H-eignarfall er þar einnig að finna :

- (26) huset hans Per
 ‘húsið hans Péturs’


Hér er þó sá munur á íslensku og norsku að nafnorðið sem fer á eftir *hans* er ekki í eignarfalli. Delsing (2003) athugar tvær tilgátur um *h*-eignarfall (hér aðlagðar að íslensku):

Tilgáta A: Fornafnið er sérnafnsgreinir
húsið [hans Péturs]

Tilgáta B: Fornafnið er eignarfor nafn
húsið hans [Péturs]


Ef tilgáta A er hin rétta er *hans Péturs* einn setningarliður en það gildir ekki ef tilgáta B er rétt. Delsing (2003) kemst svo að þeirri niðurstöðu að síðari tilgátan sé hin rétta og þar með sé fornafnið eignarfor nafn. Sterk rök fyrir því séu að höfuðorðið (eignarorðið) bætir ávallt við sig greini, sbr. *húsið hans Péturs*, en sé án hans ef *hans/hennar* fer ekki á eftir sérnafninu, sbr. *hús Péturs*.

Delsing (2003) gerir svo tilraun til að sýna setningagerðina með hríslumynd (hér aðlöguð að íslensku en no. *Pers hus* látið standa þar sem liðurinn er eðlilegri í norsku en íslensku, sbr. *Péturs hús*):



Hér flyst hinn eiginlegi *eigandi*, *mitt* og *hans*, eða það sem ákvarðar eigandann, eignarfalls-*s*, úr ákvæðislið (ÁkvL, Spec) eignarliðarins (EignL, PossP) (SpecPossP) í haus ákveðniliðar (Ákv, D).

Ef breyting hefur átt sér stað frá fornmáli til nútímamáls í þessa átt, þ.e. frá því að *hans* í *hans Péters* var sérnafnsgreinir til þess að vera eignarfor nafn, má sýna hríslumynd fyrir fornmálið:



Þessi hríslumynd er áþekk hríslumyndinni fyrir liðinn *Pers hus* í (27) en hér er haus ákveðniliðarins eignarfalls-*s*. Liðurinn *hann Pétur* færir úr eignarfallisliðnum í ákvæðissæti ákveðniliðar.

5. Niðurlag

Hér var ætlunin að athuga hvort, og þá hvernig, notkun *h*-eignarfalls í íslensku kynni að hafa breyst frá forníslensku til nútímaíslensku. Hliðsjón skyldi höfð af hugmyndum Delsings (2003).

Komið hefur í ljós að breytingar *hafa orðið* á eignarfallinu. Í fornu máli gat höfuðorð *h*-eignarfallsliðar staðið með eða án greinis en í nútímamáli er greinirinn nauðsynlegur. Nú er *h*-eignarfall einkum notað sem frumlagseignarfall eða eignarfall eiganda en í fornu máli var einnig möguleiki á notkun andlagseignarfalls.

Delsing (2003) telur að fornafnið *hans/hennar* sé eignarfornafn en ekki sérnafnsgreindir eins og gjarna hefur verið talið. Ef það er rétt mætti útskýra breytinguna sem orðið hefur á eignarfallinu þannig að í fornu máli hafi verið um sérnafnsgreini að ræða en eignarfornafn nú.

Einar Freyr Sigurðsson

Textar

Íslendinga sögur. 1985–1986. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Svart á hvítu, Reykjavík.

Bandamanna saga, Bjarnar saga Hítðælakappa, Brennu-Njáls saga, Bárðar saga Snæfellsáss, Eyrbyggja saga, Finnboga saga ramma, Grettis saga, Gísla saga Súrssonar, Gull-Þóris saga, Harðar saga og Hólmverja, Hrafnkels saga Freysgoða, Kjalnesinga saga, Ljósvetninga saga, Reykdæla saga og Víga-Skútu, Svarfdæla saga, Vatnsdæla saga, Vopnfirðinga saga, Þórðar saga hreðu

Hemildir

Delsing, Lars-Olof. 2003. Perifrastisk genitiv. Øystein Alexander Vangsnes, Anders Holmberg og Lars-Olof Delsing (ritstj.): *Dialektsyntaktiska studier av den nordiska nominalfrasen*, bls. 65–83. Tromsø Studies in Linguistics 22. Novus, Oslo.

Faarlund, Jan Terje. 2004. *The Syntax of Old Norse*. Oxford University Press, Oxford.

Gunnhildur Ottósdóttir. 2006. „Ólafsfjarðareignarfallið“. Eignarsambönd í íslensku með áherslu á eitt lítið mállýskuafrigði. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga, III. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórhallur Eypórsson og Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. The Icelandic (Pilot) Project in ScanDiaSyn. *Nordlyd* 34(1):87–124.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Höskuldur Þráinsson. 2007. Regional variation in Icelandic syntax? *Proceedings from the 8. Nordiske Dialektologkonference*, Aarhus Universitet, Denmark.

Steingrímur Þórðarson. 1979. Um órjúfanlega eign. „Með tappa í heilanum á sér“ og skyldar formgerðir í íslensku. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.